

## Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Þriðjudaginn 14. júní var sjötti fundur ársins 2022 haldinn í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Fundurinn hófst kl. 08:00 í Fossvogi. Mætt: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson varaformaður, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi, sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri.

Helga Soffía las ritningarlestur og fór með bæn. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Restraruppgjör janúar til apríl 2022
3. Fyrsta sýn og yfirferð framkvæmdastjóra á rekstri – tækifæri og umbætur
4. Nýtt þjónustuhús í Kópavogsgarði
5. Starfsmannamál
6. Bálstofa
7. Fyrirkomulag funda
8. Önnur mál

1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.
2. Kynnt var restraruppgjör janúar til apríl 2022. Reksturinn er í ágætu horfi og er hagnaður af rekstrinum.
3. Framkvæmdastjóri fór yfir fyrstu vikur í starfi og þau umbætur og tækifæri sem hann telur að hægt sé að fara í. Mikill mannauður og þekking er fólgið hjá starfsfólki KGRP. Fundarfólk var sammála um að tækifæri eru í rekstri og og það þarf að skoða ákveðin umbótatækifæri.
4. Framkvæmdastjóri fór yfir hver staðan er varðandi afhendingu verktaka á þjónustuhúsnæðinu í Kópavogsgarði. Tafir hafa orðið á afhendingu og er verklokafundur fyrirhugaður í vikunni. Nokkrum atriðum er ólokið af hálfu verktaka.
5. Framkvæmdastjóri fór almennt yfir starfsmannamál. Stefnt er að jafnlaunavottun og skoða umbætur í öryggismálum, innleiða formleg starfsmannasamtöl, starfsmannastefnu, framkvæma starfsmannakönnun o.fl.
6. Farið var yfir málefni bálstofunnar. Stefnt er að því að Danskir sérfræðingar komi að uppgerð ofna á fyrr árshelmingi ársins 2023. Einnig var farið yfir starfsleyfi og stöðu á fyrirhugaðri bálstofu í Hallsholti í Gufunesgarði. Beðið er svara frá Dómsmálaráðuneytinu varðandi nýja bálstofu.
7. Farið var yfir fundarform og fyrirkomulag funda, fundartíma, fundartíma og fundarform.89. Undir liðnum önnur mál var rætt um þáttöku KGRP í NFKK í September.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.